



Mannauðs- og starfsumhverfissvið Reykjavíkurborgar  
Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

### **Vegna úrskurðar Persónuverndar nr. 2020092259**

Þann 9. september 2020 barst Persónuvernd einstaklingskvörtun vegna vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við framkvæmd á sálfélagslegu áhættumati við greiningu á starfsumhverfi hjá Reykjavíkurborg sem Líf og sál ehf., sálfræði- og ráðgjafastofa, hafði umsjón með.

Þann 26. júní 2023 kvað Persónuvernd upp úrskurð í málinu og komst að þeirri niðurstöðu að vinnsla persónuupplýsinga í þágu sálfélagslegs áhættumats við greiningu á starfsumhverfi starfsmanna hafi getað talist nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og c-lið 6. mgr. reglugerðar (ESB) 2016/679, með vísan til ákvæða laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Var það því mat Persónuverndar að undantekningarregla c-liðar 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 hafi átt við í málinu og að ekki hafi verið skylt að veita kvartanda fræðslu samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar.

Niðurstaða Persónuverndar var því á þá leið að vinnsla Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum um kvartanda vegna framkvæmdar á sálfélagslegu áhættumati í tengslum við úttekt á starfsumhverfi Reykjavíkurborgar hafi samrýmt persónuverndarlögum, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679. Jafnframt var það niðurstaða Persónuverndar að vinnsla Lífs og sálar sálfræði- og ráðgjafastofu ehf. á persónuupplýsingum um kvartanda vegna framkvæmdar á sálfélagslegu áhættumati í tengslum við úttekt á starfsumhverfi Reykjavíkurborgar hafi einnig samrýmt persónuverndarlögum, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er hér með upplýst um lyktir málsins af hálfu Persónuverndar og mun persónuverndarfulltrúi ekki aðhafast frekar vegna málsins.

Virðingarfyllst,

Dagbjört Hákonardóttir  
persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar


Hjálagt:

Afrit af úrskurði Persónuverndar, dags. 26. júní 2023



PERSÓNU  
VERND

Reykjavíkurborg  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík



Reykjavík, 26. júní 2023  
Tilvísun: 2020092259/HSP

Hér með sendist Reykjavíkurborg hjálagaður úrskurður Persónuverndar í máli nr. 2020092259.

Athygli er vakin á því að úrskurðurinn verður birtur á vefsíðu Persónuverndar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is). Persónuauðkenni verða afmáð.

Úrlausnum Persónuverndar verður ekki skotið til annarra stjórnvalda en aðilum máls er heimilt að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla með venjubundnum hætti, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

F.h. Persónuverndar,

  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir

**Afrit persónuverndarfulltrúa (án fylgiskjala):**

Reykjavíkurborg  
b.t. persónuverndarfulltrúa  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2023

Tilvísun: 2020092259/SBM

## Úrskurður

Hinn 26. júní 2023 kvað Persónuvernd upp svohljóðandi úrskurð í máli nr. 2020092259:

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

##### *Tildrög máls*

Hinn 9. september 2020 barst Persónuvernd kvörtun frá Vigdísí Hauksdóttur (hér eftir kvartandi) yfir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við framkvæmd á sálfélagslegu áhættumati við greiningu á starfsumhverfi hjá Reykjavíkurborg sem Líf og sál sálfræði- og ráðgjafastofa ehf. (Líf og sál) hafði umsjón með.

Með bréfum, dags. 10. september 2020, var Reykjavíkurborg og Líf og sál boðið að koma á framfæri skýringum vegna kvörtunarinnar. Svarað var með bréfum, dags. 24. s.m. Með bréfum, dags. 7. október 2020, óskaði Persónuvernd frekari skýringa frá Lífi og sál og Reykjavíkurborg. Svarað var með bréfum, dags. 28. og 29. s.m. Með tölvupósti þann 10. nóvember 2020 óskaði Persónuvernd enn frekari upplýsinga frá Reykjavíkurborg. Svarað var með bréfi, dags. 10. desember 2020. Með bréfi, dags. 10. febrúar 2021, ítrekuðu 16. mars s.á, var kvartanda gefinn kostur á að koma að athugasemdum við sjónarmið Lífs og sálar og Reykjavíkurborgar. Bárust athugasemdir kvartanda með tölvupósti þann 9. apríl 2021. Þann 27. apríl 2021 fóru starfsmenn Persónuverndar í vettvangsathugun á starfsstöð Reykjavíkurborgar og skoðuðu skýrslu sem unnin var í tengslum við það áhættumat sem kvörtunin lýtur að.

Kynning á úttekt Lífs og sálar á starfsumhverfi hjá Reykjavíkurborg fór fram á fundi borgarráðs þann 10. júní 2021. Persónuvernd bárust athugasemdir frá kvartanda vegna þeirrar kynningar með tölvupósti 11. s.m. en þeim fylgdi jafnframt bréf frá kvartanda, dags. 10. s.m.


Við úrlausn málsins hefur verið tekið tillit til allra framangreindra gagna, þó ekki sé gerð sérstaklega grein fyrir þeim öllum í eftirfarandi úrskurði.

Meðferð málsins hefur tafist vegna anna hjá Persónuvernd.

##### 2.

##### *Sjónarmið kvartanda*

Af hálfu kvartanda var kvartað yfir því að þá fyrirhuguð úttekt á sálfélagslegum áhættuþáttum í starfsumhverfi starfsfólks sem situr fundi borgarráðs eða kemur reglulega fyrir það stæðist ekki lög um



persónuvernd. Kvartað var yfir lögmæti vinnslunnar og að farið hefði verið af stað með hana án samþykkis Persónuverndar, eða eftir atvikum annarra. Kvartandi hafi ekki veitt samþykki sitt fyrir að unnið væri með persónuupplýsingar um hana og hún hafi ekki þegið boð um viðtal og þátttöku. Þá var jafnframt kvartað yfir því að ekki hefði verið upplýst með fullnægjandi hætti um tilgang vinnslunnar og að fræðsla að öðru leyti hefði ekki verið fullnægjandi. Einnig var kvartað yfir því að þeir sem úttektin beindist að og rætt yrði við myndu ekki fá aðgang að niðurstöðum úttektaraðilans.

Í bréfi kvartanda, dags. 10. júní 2021, var að finna athugasemdir vegna kynningar Reykjavíkurborgar á úttekt Lífs og sálar. Lutu athugasemdirnar að því að á fundinum hefði trúnaði verið aflétt og að rökstuðningi fyrir könnuninni hefði verið breytt í vinnuferlinu. Ekki hefði verið orðið við beiðni hennar um að stöðva vinnsluna þar til úrskurður Persónuverndar lægi fyrir. Taldi kvartandi að Reykjavíkurborg hefði meðal annars brotið gegn 28. gr. laga nr. 90/2018, sem fjallar um samvinnu við Persónuvernd, með því að birta niðurstöður úttektarinnar án samráðs við Persónuvernd þar sem stofnunin hefði ekki lokið meðferð málsins.

### 3.


#### *Sjónarmið Reykjavíkurborgar*

Af hálfu Reykjavíkurborgar hefur komið fram að úttektin sem um ræðir feli í sér sálfélagslegt áhættumat á grundvelli laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. ákvæði XI. kafla þeirra laga, einkum 1. mgr. 65. gr. og 1. mgr. 65. gr. a, sbr. einnig reglugerð nr. 920/2006, um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Hvað varðar fræðslu vísar Reykjavíkurborg til tölvupósts sem sendur var þann 17. ágúst 2020 til þeirra sem boðin var þátttaka í úttektinni og fræðslubrúfs Reykjavíkurborgar sem sent var þátttakendum með tölvupósti 3. september 2020.

### 4.

#### *Sjónarmið Lífs og sálar sálfræði- og ráðgjafastofu*

Af hálfu Lífs og sálar er vísað til samnings sem gerður var við Reykjavíkurborg um mat á starfsumhverfi og úttekt á sálfélagslegum áhættuþáttum vegna beiðni borgarinnar þar um auk samkomulags á milli Reykjavíkurborgar og Lífs og sálar sem sameiginlegra ábyrgðaraðila um vinnslu persónuupplýsinga. Í samningnum sé markaður rammur utan um verkefnið og sett ákvæði um söfnun og meðferð persónuupplýsinga. Tilgangur vinnslunnar sé skilgreindur í 1. gr. samningsins en hann sé að framkvæma mat á starfsumhverfi og gera úttekt á sálfélagslegum þáttum í umhverfi starfsfólks Reykjavíkurborgar sem ýmist sitji eða komi reglulega fyrir fundi borgarráðs, með vísan til XI. kafla laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá séu aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga tilgreindar í samningnum en þær séu ákveðnar af aðilum í sameiningu og Líf og sál taki að sér verkefnið sem fagaðili á sviði vinnustaðagreininga og rannsókna á einstökum þáttum er lúti að samskiptum og vellíðan á vinnustað. Jafnframt kemur fram að gert sé ráð fyrir upplýstu samþykki þeirra einstaklinga sem taki þátt í könnunni. Í svörum Lífs og sálar kemur einnig fram að þær upplýsingar sem veittar séu í viðtölunum séu eingöngu varðveittar í stuttan tíma og sé þeim eytt um leið og skýrslan sé tilbúin og eins verði þær ekki afhentar Reykjavíkurborg. Í niðurstöðuskýrslunni komi fram nöfn þátttakenda í heildarnafnalista í inngangi og sé það byggt á samþykki þátttakenda. Auk þess segir að í niðurstöðuskýrslunni komi óhjákvæmilega fram upplýsingar sem m.a. séu fengnar frá viðmælendum við vinnslu könnunarinnar. Þar sem um afmarkaðan hóp viðmælenda sé að ræða sé ekki



unnt að gera niðurstöðurnar ópersónugreinanlegar með öllu. Enginn fái hins vegar aðgang að þeim upplýsingum nema verkkaupi, þ.e. Reykjavíkurborg.

5.

#### *Vettvangsathugun Persónuverndar*

Hinn 27. apríl 2021 fóru tveir starfsmenn Persónuverndar á starfsstöð Reykjavíkurborgar í Ráðhúsi Reykjavíkur til þess að skoða innihald niðurstöðuskýrslu um sálfélagslegt áhættumat við greiningu á starfsumhverfi hjá Reykjavíkurborg sem Líf og sál vann fyrir Reykjavíkurborg. Í skýrslunni var að finna lista yfir nöfn allra viðmælenda en kvartandi var ekki þar á meðal né var hún nafngreind annars staðar í skýrslunni. Skoðun skýrslunnar leiddi þó í ljós að þrátt fyrir að kvartandi væri ekki nafngreind í henni mátti þar finna upplýsingar sem raktar verða til hennar. Verður því við það miðað að skýrslan hafi innihaldið persónuupplýsingar um kvartanda, sbr. nánari umfjöllun í kafla II.1 hér á eftir.

## **II.**

### **Forsendur og niðurstaða**

1.

#### *Gildissvið*


Gildissvið laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna, og þar með valdsvið Persónuverndar, sbr. 1. mgr. 39. gr. laganna, nær til vinnslu persónuupplýsinga sem er sjálfvirk að hluta eða í heild og vinnslu með öðrum aðferðum en sjálfvirkum á persónuupplýsingum sem eru eða eiga að verða hluti af skrá.

Til persónuupplýsinga teljast upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling og telst einstaklingur persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, með tilvísun í auðkenni hans eða einn eða fleiri þætti sem einkennandi eru fyrir hann, sbr. 2. tölul. 3. gr. laganna og 1. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar. Með viðkvæmum persónuupplýsingum er meðal annars átt við heilsufarsupplýsingar, sbr. b-lið 3. tölul. 3. gr. laganna.

Mál þetta lýtur að framkvæmd á sálfélagslegu áhættumati við greiningu á starfsumhverfi tiltekinna starfsmanna Reykjavíkurborgar sem lauk með skriflegri skýrslu. Kvartandi er ekki starfsmaður Reykjavíkurborgar en henni var, líkt og öðrum kjörnum fulltrúum borgarráðs, boðin þátttaka með viðtali við Líf og sál, sem hún þáði ekki. Eitt af því sem Reykjavíkurborg óskaði úttektar á voru samskipti starfsfólks við kjörna fulltrúa vegna borgarráðs.

Með vísan til framangreinds þarf að skera úr um hvort efni skýrslunnar hafi falið í sér vinnslu persónuupplýsinga um kvartanda, þrátt fyrir að hún hafi ekki verið nafngreind í henni.

Í athugasemdum við 2. tölul. 3. gr. frumvarps til laga nr. 90/2018 er vísað til þess að hugtakið persónuupplýsingar sé víðfeðmt og taki til allra upplýsinga, álita og umsagna sem beint eða óbeint megi tengja tilteknum einstaklingi, þ.e. upplýsinga sem séu persónugreindar eða persónugreinanlegar. Kjarni persónuupplýsingahugtaksins lúti að því að upplýsingar megi rekja til einstaklings, beint eða óbeint. Í 26. lið formálsorða reglugerðar (ESB) 2016/679 kemur meðal annars fram að til þess að ákvarða hvort einstaklingur er persónugreinanlegur ætti að taka mið af öllum þeim aðferðum sem ástæða er til að ætla að annaðhvort ábyrgðaraðili eða annar aðili geti beitt til að bera kennsl á viðkomandi einstakling með beinum eða óbeinum hætti. Að mati Persónuverndar geta upplýsingar því talist til persónuupplýsinga



samkvæmt lögnum ef þeir sem þekkja til hlutaðeigandi geta borið kennsl á hann á grundvelli upplýsinganna, þótt það sé eftir atvikum ekki á allra færi.

Með hliðsjón af framansögðu, efni skýrslunnar og málsatvikum að öðru leyti verður að telja að upplýsingar sem fram koma í skýrslunni geti verið persónugreinanlegar um kvartanda, a.m.k. fyrir þá sem til starfsumhverfisins þekkja, þrátt fyrir að nafn kvartanda komi ekki fram.

Að þessu virtu og með hliðsjón af framangreindum ákvæðum varðar mál þetta vinnslu persónuupplýsinga sem fellur undir valdsvið Persónuverndar.

## 2.

### *Ábyrgðaraðili*

Sá sem ber ábyrgð á að vinnsla persónuupplýsinga samrýmist lögum nr. 90/2018 er nefndur ábyrgðaraðili. Samkvæmt 6. tölul. 3. gr. laganna er þar átt við einstakling, lögaðila, stjórnvald eða annan aðila sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 7. tölul. 4. gr. reglugerðarinnar.


Eins og áður hefur komið fram er í gögnum máls meðal annars að finna samkomulag Reykjavíkurborgar og Lífs og sálar um vinnslu persónuupplýsinga á milli sameiginlegra ábyrgðaraðila, dags. 15. ágúst 2020.

Ef tveir eða fleiri aðilar eru sameiginlegir ábyrgðaraðilar að vinnslu persónuupplýsinga skulu þeir á gagnsæjan hátt ákveða ábyrgð hvers um sig á því að skuldbindingar samkvæmt reglugerðinni séu uppfylltar, einkum hvað snertir beitingu réttinda hinna skráðu og skyldur hvers um sig til að láta í té upplýsingarnar sem um getur í 13. og 14. gr. með samkomulagi sín á milli, sbr. 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar. Samkomulag samkvæmt framangreindu skal endurspegla með tilhlýðilegum hætti hlutverk og tengsl hvers ábyrgðaraðila gagnvart skráðum einstaklingum og skal megininntak samkomulagsins gert þeim aðgengilegt, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Gögn málsins bera með sér að ákvörðun um að framkvæma skyldi hið sálfélagslega áhættumat var tekin af hálfu Reykjavíkurborgar. Hlutverk Lífs og sálar var að taka viðtöl við starfsmenn Reykjavíkurborgar og þá kjörnu borgarfulltrúa sem samþykktu þátttöku, framkvæma matið og skrifa um það skýrslu sem afhent var Reykjavíkurborg.

Nánar er fjallað um samstarf Reykjavíkurborgar og Lífs og sálar í tengslum við gerð skýrslunnar í fyrrgreindu samkomulagi, dags. 15. ágúst 2020. Kemur þar fram að Reykjavíkurborg og Líf og sál teljist sameiginlegir ábyrgðaraðilar að vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við gerð umræddrar skýrslu. Í samkomulaginu er að finna lýsingu á ábyrgð og vinnslu hvors aðila um sig. Þeirri lýsingu er skipt eftir vinnsluheimildum og tegundum persónuupplýsinga sem hvor aðili hefur aðgang að. Þá er þar einnig að finna lýsingu á tengslum hvors ábyrgðaraðila um sig við viðmælendur. Auk framangreinds kemur fram að aðilar samkomulagsins beri sameiginlega ábyrgð á því að veita fræðslu í samræmi við 13. og 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Með vísan til framangreinds telur Persónuvernd ekki tilefni til annars en að leggja til grundvallar að Reykjavíkurborg og Líf og sál teljist sameiginlegir ábyrgðaraðilar vinnslunnar í skilningi 23. gr. laga nr. 90/2018, sbr. einnig 26. gr. reglugerðarinnar.



3.

#### *Afmörkun máls*

Í kvörtuninni er kvartað yfir því að þeir sem úttektin beindist að og rætt yrði við myndu ekki fá aðgang að niðurstöðum skýrslunnar. Þar sem ekki liggur fyrir að óskað hafi verið eftir aðgangi að niðurstöðum skýrslunnar, og þar af leiðandi ekki verið veitt svör af hálfu ábyrgðaraðila hvað slíka aðgangsbeiðni varðar, mun Persónuvernd ekki fjalla nánar um þann þátt kvörtunarinnar í úrskurði þessum og er honum vísað frá.

4.

#### *Lögmæti vinnslu*


Öll vinnsla persónuupplýsinga verður að falla undir eitthvert af heimildarákvæðum 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Má þar nefna að vinna má með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, sbr. 3. tölul. 9. gr. laganna (sbr. c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar), við beitingu opinbers valds, sbr. 5. tölul. lagaákvæðisins (sbr. e-lið reglugerðarákvæðisins) eða vegna lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili eða þriðji maður gætir nema hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem krefjast verndar persónuupplýsinga vegi þyngra, sbr. 6. tölul. 9. gr. laganna og f-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Að auki verður vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga að samrýmast einhverju af viðbótarskilyrðum 1. mgr. 11. gr. laganna, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar. Eins og hér háttar til verður þó ekki séð að unnið hafi verið með viðkvæmar persónuupplýsingar um kvartanda, eins og þær eru skilgreindar í 3. tölul. 3. gr. laganna.

Við mat á heimild til vinnslu verður einnig að líta til ákvæða í öðrum lögum sem við eiga hverju sinni. Hér koma helst til skoðunar lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglur settar samkvæmt þeim. Í 13. gr. laganna segir að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Er í ákvæðinu vísað sérstaklega til tiltekinna kafla laganna hvað frekari útfærslu varðar, m.a. XI. kafla um áhættumat, heilsuvernd og heilsufarsskoðanir. Í 65. gr. a segir meðal annars að atvinnurekandi beri ábyrgð á að gert sé sérstakt áhættumat þar sem meta skuli áhættu í starfi með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfi. Skyldur atvinnurekanda hvað þetta varðar eru nánar útfærðar í reglugerðum sem settar eru með stoð í ákvæðinu.

Auk heimildar samkvæmt framangreindu verður vinnsla persónuupplýsinga að samrýmast öllum meginreglum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Er þar meðal annars kveðið á um að persónuupplýsingar skuli unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða (1. tölul. lagaákvæðisins); að þær skuli fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi (2. tölul.) og að þær skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar (3. tölul.).

Samkvæmt skýringum Reykjavíkurborgar var ástæða þess að umrædd úttekt var framkvæmd sú að mannaúds- og starfsumhverfissviði borgarinnar höfðu borist ábendingar um að skoða þyrfti starfsumhverfi þessara tilteknu starfsmanna. Reykjavíkurborg beri sem vinnuveitandi lagaskyldu gagnvart sínum starfsmönnum til að tryggja þeim öruggt starfsumhverfi á grundvelli framangreindra ákvæða.

Líkt og áður hefur komið fram er kvartandi ekki starfsmaður borgarinnar frekar en aðrir kjörnir fulltrúar í borgarráði. Í ljósi tilgangs úttektarinnar var kjörnum fulltrúum þó boðin þátttaka á grundvelli



samþykkis, en einn liður í úttektinni fólst í að skoða samskipti á milli starfsmanna borgarinnar og kjörinna fulltrúa. Kvartandi þáði þó ekki boð um þátttöku og var því ekki aflað upplýsinga frá henni sjálfri. Eðli máls samkvæmt gat ábyrgðaraðili þó ekki haft stjórn á því hvaða upplýsingar þátttakendur veittu í viðtölum við Líf og sál um persónulega upplifun sína af samskiptum við aðra einstaklinga, þar á meðal kvartanda.

Með vísan til framangreinds verður því að mati Persónuverndar talið að vinnsla persónuupplýsinga um starfsmenn Reykjavíkurborgar í tengslum við framkvæmd á sálfélaglegu áhættumati af hálfu borgarinnar geti stuðst við 3. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Að mati Persónuverndar verður að telja óhjákvæmilegt að við framkvæmd á sálfélaglegu áhættumati við greiningu á starfsumhverfi starfsmanna líkt og hér um ræðir fari fram vinnsla persónuupplýsinga eða persónugreinanlegra upplýsinga sem varða ekki eingöngu þann einstakling sem tjáir sig í viðtali við sálfræðistofuna. Þá gat ábyrgðaraðili ekki, sem fyrr segir, haft stjórn á því hvaða upplýsingar umræddir einstaklingar veittu í viðtölum við Líf og sál, eða um hverja. Þó má ljóst vera að tilgangi úttektar af þessu tagi verður ekki náð ef takmörk eru sett við því hvaða einstaklinga þátttakendur mega fjalla um og hverja ekki. Verður því að telja að vinnsla upplýsinga um aðra einstaklinga sem tengjast vinnustaðnum, þar á meðal kvartanda, geti jafnframt talist nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 og c-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. áðurnefnd ákvæði laga nr. 46/1980.

## 5.


### *Fræðsla til kvartanda*

Líkt og fyrr greinir þarf öll vinnsla persónuupplýsinga að samrýmast meginreglum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Samkvæmt 1. tölul. lagaákvæðisins skal þess gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu unnar með lögum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða. Við mat á því hvort skilyrðið um gagnsæja vinnslu telst uppfyllt getur eftir atvikum þurft að líta til ákvæða laganna og reglugerðarinnar um fræðsluskyldu ábyrgðaraðila. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laganna á skráður einstaklingur rétt til upplýsinga um vinnslu persónuupplýsinga hans, hvort sem persónuupplýsinganna er aflað hjá honum sjálfum eða ekki, samkvæmt fyrirmælum 13.-15. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Þegar persónuupplýsinga er aflað frá öðrum en hinum skráða sjálfum ber almennt að veita honum fræðslu í samræmi við 14. gr. reglugerðarinnar. Ákvæði 14. gr. um fræðsluskyldu á hins vegar ekki við ef skýrt er mælt fyrir um öflun eða miðlun upplýsinganna í lögum, sbr. c-lið 5. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar.

Eins og áður er rakið er það mat Persónuverndar að vinnsla persónuupplýsinga í þágu sálfélaglegs áhættumats við greiningu á starfsumhverfi starfsmanna hafi getað talist nauðsynleg til að uppfylla lagaskyldu, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 og c-lið 6. mgr. reglugerðar (ESB) 2016/679, með vísan til áðurnefndra ákvæða laga nr. 46/1980. Er það því mat Persónuverndar að undantekningarregla c-liðar 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 hafi átt hér við og að ekki hafi verið skylt að veita kvartanda fræðslu samkvæmt 14. gr. reglugerðarinnar.

Kemur þá til skoðunar hvort skilyrði um gagnsæi, samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 og a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, hafi verið uppfyllt gagnvart kvartanda. Í 39. lið formálsorða reglugerðarinnar er fjallað um gagnsæi og meðal annars vísað til þess að einstaklingum ætti að vera ljóst þegar persónuupplýsingum um þá er safnað, þær eru notaðar, skoðaðar eða unnar á annan hátt, og að hvaða marki.





Með tölvupósti þann 17. ágúst 2020 sendi Reykjavíkurborg tölvupóst, meðal annars til kvartanda, með boði um þátttöku í könnuninni, þ.e. með viðtali hjá Lífi og sál. Í tölvupóstinum kom fram hver ástæða fyrirhugaðrar úttektar væri og upplýsingar um skyldur borgarinnar til að framkvæma slíka úttekt. Þá fylgdi tölvupóstinum yfirlýsing frá Lífi og sál. Í yfirlýsingunni var verklagi og meðferð trúnaðarupplýsinga við athuginina lýst í stuttu máli.

Með vísan til alls framangreinds er það mat Persónuverndar að skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, sbr. a-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, hafi verið uppfyllt. Þá liggur ekki fyrir að brotið hafi verið gegn öðrum ákvæðum 1. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

## 6.

### *Niðurstaða*

Að framangreindu virtu er niðurstaða Persónuverndar sú að vinnsla Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum um kvartanda vegna framkvæmdar á sálfélagslegu áhættumati í tengslum við úttekt á starfsumhverfi Reykjavíkurborgar hafi samrýmst lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679.

Jafnframt er það niðurstaða Persónuverndar að vinnsla Lífs og sálar sálfræði- og ráðgjafastofu ehf. á persónuupplýsingum um kvartanda vegna framkvæmdar á sálfélagslegu áhættumati í tengslum við úttekt á starfsumhverfi Reykjavíkurborgar hafi samrýmst lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Vinnsla Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum um Vigdís Hauksdóttur vegna framkvæmdar á sálfélagslegu áhættumati í tengslum við úttekt á starfsumhverfi Reykjavíkurborgar samrýmst lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679.

Vinnsla Lífs og sálar sálfræði- og ráðgjafastofu ehf. á persónuupplýsingum um Vigdís Hauksdóttur vegna framkvæmdar á sálfélagslegu áhættumati í tengslum við úttekt á starfsumhverfi Reykjavíkurborgar samrýmst lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679.

Persónuvernd, 26. júní 2023

*Helga S. Þórhallsdóttir*  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir

*Steinunn B. Magnúsdóttir*  
Steinunn Birna Magnúsdóttir